

91
29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistar sjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælislustar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkuðla.

3. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

92
29. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stafliður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna 1/8% fram til ársloka 1957, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkvæmt 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.